

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Hnoðraholt - Smalaholt, Þorrasalir 1-3, 5-7, 9-11 og 13-15, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 30. desember 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi Þorrasala 1-3, 5-7, 9-11 og 13-15.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 18. janúar 2010.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2010